



Minnisblað - Niðurstöður mats á Öryggi í Grindavík, v7

Dagsetning: 19.9.2026

Til: Vinnuhóps um öryggi í Grindavík

Frá: Sigurði Rúnari Karlssyni og Dóru Hjálmarsdóttur

Efni: Niðurstaða um mat á öryggi í Grindavík m.t.t. vægis mótvægisaðgerða

Inngangur

Þetta minnisblað er niðurstaða vinnuhóps¹ um öryggi í Grindavík. Það byggir á aðferðafræði sem lögð var fram á vinnustofu Alþjóðabankans í júní 2026 og lögð er fyrir alla fjóra vinnuhópana í fyrsta áfanga verkefnisins um nýtt áhættumat fyrir öryggi fólks í Grindavík: Aðferðin byggist á mati á viðbúnaði og viðbrögðum við tveim sviðsmyndum; A núverandi óvissuástandi, B atburði sem veldur rýmingu. Hún byggist á mótvægisaðgerðum sem eru flokkaðar undir vísa sem hafa þýðingu fyrir viðkomandi verkefni (málaflokk) sem hópurinn er að fást við. Hver vísir er metinn út frá stöðu þeirra mótvægisaðgerða sem undir hann falla, aðgerðum er skipt í forsendur og styrkingar, staða hvernar aðgerðar metin og hverri aðgerð gefið vægi svo vísirinn telji 100 prósent. Vísunum er síðan gefið vægi og heildarniðurstaða metin. Við val á aðgerðum vísa er beitt sérfræði- og skynsemismati vinnuhópsins. Vinnuhópin skipar hópur hagaðila og sérfræðinga.

Þessi útgáfa er unnin í kjölfar lokafunda vinnuhópanna 9. september, þar sem farið var yfir tillögur matshópa um sameiningu vísa, aðgerðir og stöðu þeirra, gerðar breytingar og gengið frá mati. Þátttakendur vinnuhópa lásu yfir uppfærðar niðurstöður.

Niðurstaða þessa hóps er forsenda vinnuhópa um skólahald og um húsnæði og búsetu og setur efri mörk á lit þeirra: mælist Öryggi í Grindavík **gult** geta þeir hópar ekki orðið **grænir**, og sama gildir um **rautt**. Því er gerð nánari grein fyrir í sérstökum kafla.

¹. Í minnisblöðum um niðurstöður mats er talað um hópa þegar átt er við vinnuhópa sem sinntu ákveðnum málaflokki. Hugtakið málaflokkur er notað í greinargerð með minnisblöðunum. Þátttakendur í vinnuhópum koma fram í viðauka 1 við greinargerðina.

Aðferðin í hnotskurn

Sviðsmyndir A og B

Staða vísis í sviðsmynd A, núverandi óvissuástand, er forsenda fyrir stöðu hans í sviðsmynd B, atburður sem veldur rýmingu, enda er A uppbygging getunnar, metin út frá virkni aðgerða, og B mælir hvort hún dugði. Forsenda getur einnig verið staða annars vísis þar sem einn vísir hvílir efnislega á öðrum. Virkni sumra vísa má einnig kanna með mælingum.

Sviðsmynd B felur ekki í sér sjálfstæðar aðgerðir. Það sem gerist í rýmingu og við endurkomu er framkvæmd þess undirbúnings sem liggur í sviðsmynd A. Sviðsmynd B er því ekki metin út frá virkni aðgerða heldur mæld, og mælingin sýnir hvort undirbúningurinn skilaði árangri þegar á reyndi. Sviðsmynd B er ekki sýnd í töflum heldur lýst í texta við hvern vísir, þar sem fram kemur hvað er mælt og hvaða mörk gilda. Við endurkomu að lokinni rýmingu öðlast sviðsmynd A aftur gildi og staðan er endurmetin.

Aðgerðir

Hver aðgerð fær stig eftir stöðu sinni á fimm þrepa kvarða: **1** ef hún er í fullri virkni, **0,75** ef hún er í virkni en þarf eftirfylgni, **0,5** ef hún er í vinnslu með ábyrgðaraðila og tímaáætlun, **0,25** ef hún er hafin en skammt á veg komin, og **0** ef hún er ekki hafin eða staða hennar er óljós. Stig hverrar aðgerðar eru staða hennar margfölduð með vægi hennar, og niðurstaða vísisins er summa þeirra stiga. Upplýsingar um hvaða þættir falla undir þrepaskiptingu hverrar aðgerðar koma fram í aðgerðaáætlun. Hverri aðgerð er gefið einkvæmt raðnúmer.

Forsendur eru þær aðgerðir sem verða að vera til staðar og í virkni. Séu þær ekki uppfylltar getur vísirinn ekki talist ásættanlegur, hversu vel sem aðrar aðgerðir standa. Reglan er þrepaskipt: forsenda í fullri virkni eða í eftirfylgni leyfir **grænt (1–0,75)**, enda sé eftirfylgni tímasett, forsenda í vinnslu setur þak á **gult (0,5)**, og forsenda sem er ekki hafin eða skammt á veg komin fellir vísinn í **rautt (0 og 0,25)**.

Komi fram vitneskja um yfirvofandi atburð sem líkur eru á að felli forsendu á **gult** eða **rautt** skal þegar í stað brugðist við með mótvægisaðgerðum og komið í veg fyrir að forsendan falli. Sé forsenda fallin eða falli með skömmum fyrirvara gilda eftirfarandi frestir að hámarki áður en taka þarf ákvarðanir um takmörkun á viðveru í Grindavík:

Sé forsenda á gulu telst staðan tímabundið ásættanleg. Gefinn er 48 klukkustunda frestur til að beita ásættanlegum tímabundnum mótvægisaðgerðum eða koma forsendunni í eðlilega virkni. Að öðrum kosti fellur forsendan niður á **rautt** og vísirinn með.

Sé um aðgerð forsenduvísis ÖR0 að ræða er fresturinn 12 klukkustundir. Þær aðgerðir bera grunnöryggi bæjarins og ekki er ásættanlegt að þær séu úr virkni lengur en svo.

Sé forsenda á rauðu telst staðan óásættanleg með öllu og þarfnast tafarlausra mótvægisaðgerða. Bregðast þarf strax við þegar þessi staða kemur í ljós og gefinn er allt að 12 klukkustunda frestur til að beita ásættanlegum tímabundnum mótvægisaðgerðum, það er koma forsendunni yfir á **gult**, eða koma henni í eðlilega virkni. Sami frestur gildir um aðgerðir forsenduvísis ÖR0, enda þarf að kalla til aðila til að vinna að úrlausn og skemmri tími er óraunhæfur.

Rauð forsenda fellir sinn vísir í rautt, og einn rauður vísir gerir heildarniðurstöðu hópsins (málaflokksins) rauða. Heildarmat má ekki standa á **rauðu** lengur en 12 klukkustundir án þess að það hafi verið brugðist við. Að öðrum kosti þarf að grípa til takmarkana á viðveru í Grindavík, jafnvel rýmingar þar sem öryggi telst ekki tryggt. Ákvörðun þar að lútandi er í höndum lögreglustjórans á Suðurnesjum og almannavarna.

Styrkingar

Styrkingar bæta stöðuna og ráða því hvar vísirinn lendir milli **græns** og **guls** þegar forsendur standast, en þær geta ekki bætt upp fyrir forsendu sem vantar. Ekkert þak er á tímamörkum fyrir mótvægisáðgerðir eða til að koma styrkingum í virkni, hvort sem þær eru á **gulu** eða **rauðu**, allt eftir því hvaða áðgerð er um að ræða, en sett eru tímamörk í áðgerðaáætlun.

Regla um innbyrðis vægi

Engin styrking á að vega þyngra en léttasta forsendan. Mælist styrking mikilvægari en forsenda er annaðhvort flokkunin röng eða vægið, og þá á að laga flokkunina fremur en töluna.

Forsenduvísir

Forsenduvísir er fyrsti vísir hópsins. Hann ber engin stig og ekkert vægi, en tekur lit þeirrar forsenduaðgerðar sem lægst stendur og setur þann lit sem þak á niðurstöðu hópsins.

Forsenduaðgerðir forsenduvísis eru merktar með **ljósbláum bakgrunni** á heiti hvar sem þær koma fyrir í vísatöflum, í öllum vinnuhópum. Þær eru forsenduaðgerðir annarra vísa og eru mældar í sínum vísi eins og aðrar áðgerðir, en falli ein þeirra fellur forsenduvísirinn og setur þak á lit öryggishópsins, sem berst áfram til hinna hópanna. Innan forsenduvísisins sjálfs eru þær ekki merktar sérstaklega.

Sameiginlegir vísar

Hver vísir er aðeins metinn í einum vinnuhópi (málaflokki). Þurfi sama efni að vera mælt í fleiri en einum hópi fær vísirinn nýtt heiti, sbr. SK3 um öryggi skólahúsnæðis og lóða hjá skólahaldi og HU1 um öruggt húsnæði og lóðir íbúa og stofnana hjá húsnæði og búsetu. Þeir vísar mæla í grunninn sama efni, öryggi húsnæðis og lóða, en var skipt upp svo öryggi barna í skóla- og frístundastarfi væri í forgrunni.

Áðgerðir mega hins vegar bera vísa í fleiri en einum hópi. Þar er það vísirinn sem er bundinn hópnum, ekki áðgerðin. Vægi áðgerðar innan vísis ræðst af mikilvægi hennar þar, og sama áðgerð getur því borið ólíkt vægi í ólíkum vísum. Staða áðgerðar er hins vegar eiginleiki hennar sjálfrar og þarf að vera hin sama hvar sem hún kemur fyrir.


Öryggishópurinn sker úr um sameiginleg atriði þar sem það á við.

Vægi vísa

Vægi vísa er flokkað í 5 prósentu þrepum þar sem því verður við komið; fjöldi vísa getur haft áhrif á þrepaskiptinguna. Beitt er skynsemismati hópsins. Vægið er þannig valið að 100 prósentum er skipt milli vísanna eftir mikilvægi þeirra innan hópsins, og ræðst vægi meðal annars af umfangi hvers vísis og fjölda áðgerða undir honum.

Vensl milli vísa

Vísir getur verið forsenda annars vísis. Þá birtist hann sem forsendulína í töflu háða vísisins, með lit en án vægis og stiga. Háði vísirinn getur ekki orðið **grænn** nema sá vísir sem er forsenda hans sé **grænn**, með sama hætti og forsenda í vinnslu setur þak á vísi.



Ör sýnir að vísir er forsenda annars. Fjólublár vísir sækir venslun í aðra vísa og getur ekki orðið grænn nema þeir séu grænir.

Hverjum vísi er gefið einkvæmt raðnúmer og einkennisstafi hópsins (málaflokksins). Í töflum raðast vísar í númeraröð, eins og vísakaflarnir sjálfir. Forsendulínur sem setja þak á lit hópsins standa þó ávallt efst.

Vensl milli aðgerða

Ekki var farið í að greina vensl milli aðgerða, en ljóst er að nokkrar aðgerðir eru venslaðar í raun. Til dæmis er móttaka boða tengd því að boð séu send út.

Litapak á heildarniðurstöðu

Séu tveir eða fleiri vísar gulir verður niðurstaða hópsins gul (tímabundið ásættanleg). Sé einn vísir rauður verður hún rauð (óásættanleg). Hlutfallið heldur áfram að reiknast og er birt óbreytt; reglan setur þak á litinn en breytir ekki reikningslegri niðurstöðu.

Viðbrögðum við þessari stöðu er lýst í kaflanum um aðgerðir hér að framan, þar sem fram kemur að gult ástand forsendu er einungis umborið tímabundið.

Rökin eru þau að tölfræðilegt vægi getur lyft bæði einstökum vísi og heildarniðurstöðu upp fyrir það sem staðan stendur undir. Að stilla upp reiknireglum sem leiðrétta það er flókið og illa rekjanlegt. Litapak er einfaldara, sjónrænt og auðvelt að rýna.

Heildarniðurstaða Öryggis í Grindavík

Markmið

Lagt er mat á öryggi þeirra sem búa, heimsækja og starfa í Grindavík við langvarandi óvissu (sviðsmynd A) út frá stöðu virkra aðgerða og ferlum rýminga og endurkomu. Ýmsa þætti virkra aðgerða er unnt að mæla til að sannreyna virkni ferla við langvarandi óvissu, en ákvörðun um mælingar er vísað inn í framhaldsverkefnið um heildstætt áhættumat. Gert er ráð fyrir mælingum við næsta atburð (sviðsmynd B) til að sannreyna hvort rýming gangi örugglega fyrir sig og endurkoma takist innan ásættanlegra tímamarka. Í forgrunni er öryggi þeirra sem teljast til viðkvæmra hópa, enda ræðst geta samfélagsins til að bregðast við af því hvernig þeim reiðir af sem þurfa mesta aðstoð.

Matið nær yfir átta þætti: að viðvaranir og upplýsingar berist og skiljist, að viðkvæmir íbúar fái staðfestan stuðning, að hættusvæði séu afmörkuð og aðgengi stýrt, að fjarskipti og samgöngur haldi uppi boðleiðum og flóttaleiðum, að rýming sé örugg og viðbragð til staðar sem ræður við þann fjölda sem er í bænum, að skólar, frístund, æskulýðs- og íþróttastarf og stofnanir bæjarins geti rýmt, og að endurkoma sé undirbúin og ferli hennar gagnsæ. Einnig er lagt mat á upplýsingagjöf og samskipti yfirvalda sem eru grunnatriði til að byggja upp traust. Eftir endurkomu að lokinni rýmingu öðlast sviðsmynd A aftur gildi og staðan er endurmetin.

Matið nær yfir byggð og landsvæði innan varnargarða í þéttbýli Grindavíkur. Þar er meðtalið Þórkötlustaðahverfi og bærinn Hraun, enda hvort tveggja varið af hraunvarnargörðum.

Öryggi húsnæðis og lóða er metið hjá vinnuhópi um húsnæði og búsetu, og öryggi skólahúsnæðis, samfella í skólastarfi og þjónusta við börn hjá vinnuhópi um skólahald. Rýmingargeta skólastofnana, íþrótt- og æskulýðsstarfsemi og stofnana Grindavíkurbæjar er hins vegar metin hér, enda er hún hluti af öruggri rýmingu. Sama gildir um fjarskipti og samgöngur, sem áður voru metin hjá húsnæðis- og búsetuhópi en teljast til boðleiða og flóttaleiða.

Niðurstaða

Sviðsmynd A · **91,09% · grænt** Sviðsmynd B · mæling

Vísir	Vægi	A: stig
ÖR0 · Forsenduvísir	–	grænt
ÖR1 · Öruggar rýmingar	20%	19,12
ÖR2 · Vöktun hættusvæða	15%	14,62
ÖR3 · Upplýsingar og viðvaranir gesta	5%	4,53
ÖR4 · Stuðningur við viðkvæma íbúa	7,5%	6,94
ÖR5 · Viðvaranir og skilningur	10%	8,75
ÖR6 · Viðbragðsgeta neyðarþjónustu	10%	9,62
ÖR7 · Fjarskipti	5%	5
ÖR8 · Samgöngur	5%	4,25
ÖR9 · Rýmingargeta skólastofnana	5%	4,38
ÖR10 · Rýmingargeta í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi	5%	4,25
ÖR11 · Rýmingargeta stofnana Grindavíkurbæjar	2,5%	2,12
ÖR12 · Upplýsingamiðlun og samskipti	10%	7,5
Samtals	100%	91,09 af 100

Allir vísar eru útkomumæling í sviðsmynd B. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

Litamörk

Einstakir vísar fylgja þriggja flokka kvarða: grænt 75 prósent og yfir, gult 50 og allt að 75 prósentum, rautt undir 50 prósentum.

Fyrir heildarniðurstöðu hópsins eru notuð þrengri mörk: grænt 85 prósent og yfir, gult 75 og allt að 85 prósentum, rautt undir 75 prósentum.

Niðurstaða Öryggis í Grindavík sem forsenda annarra hópa

Niðurstaða þessa hóps (málaflokks) setur efri mörk á lit hjá vinnuhópum um skólahald og um húsnæði og búsetu. Mælist Öryggi í Grindavík gult geta þeir hópar ekki orðið grænir, sama hversu vel þeir standa að öðru leyti. Sama gildir um rautt. Rökin eru þau að öryggi er grunnlagið sem hinir hópar byggja á; ef viðvaranir berast ekki, hættusvæði eru opin eða viðbragð er ekki til staðar, þá er hvorki skólahald né búseta ásættanleg þótt þeir hópar hafi lokið sínum eigin verkefnum.

Það er liturinn sem telur en ekki hlutfallið. Sé litur hópsins lægri en talan segir, hvort sem er vegna forsenduvísis, fjölda gulra vísa eða vensla milli vísa, þá er það sá litur sem verður þak hjá hinum hópunum. Niðurstaðan birtist því sem forsendulína í heildarniðurstöðu hinna hópanna, með lit en án vægis og stiga, og útgáfunúmer og dagsetning þessa minnisblaðs fylgja línunni í heildarniðurstöðu hinna hópanna.

Staða og næstu áherslur

Niðurstaðan er græn. Hlutfallið er 91,09 prósent og enginn vísir er gulur. Öryggi fólks í Grindavík er því talið ásættanlegt.

Fjórir vísar sitja þó á eða við neðri mörk græna bilsins. ÖR12 um upplýsingamiðlun og samskipti mælist 75 prósent, nákvæmlega á mörkunum, og ber þrjár forsendur sem eru í virkni en þarfnast eftirfylgni: heimasíðu bæjarins og leiðbeiningar, áætlun um heildstætt áhættumat unnið með aðkomu heimamanna, og kynningu þrepaskiptingar rýmingar og endurofnunar. Þrír vísar mælast 85 prósent: ÖR8 um samgöngur, ÖR10 um rýmingargetu í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi og ÖR11 um rýmingargetu stofnana Grindavíkurbæjar. Hver þeirra ber eina forsendu í eftirfylgni: snjómokstur flóttaleiða á vegum Vegagerðarinnar, uppfærslu áætlana þrumunnar og íþróttamiðstöðvar, og uppfærslu áætlana stofnana bæjarins. Falli einhver þeirra aftur í vinnslu verður sá vísir gulur.

Margar aðgerðir undir ÖR12 verða unnar áfram í framhaldsverkefninu um heildstætt áhættumat. Þar á meðal eru áætlun um heildstætt áhættumat unnið með aðkomu heimamanna, reglulegar kannanir um upplifun íbúa, og yfirferð og endurmat þrepaskiptingar við rýmingu og endurkomu. Vísirinn mælir stöðu aðgerða en ekki traust, og mælingar á trausti bíða þess verkefnis.

Það sem eftir stendur að öðru leyti eru styrkingar sem eru óunnar eða rétt hafnar: birting upplýsinga um búsetuúrræði, einmenningsviðbragð, áætlun Vegagerðarinnar um aukna vetrarþjónustu og snjóruðningstæki innanbæjar.

Meginmynstrið er skýrt. Grunnvirknin stendur og rýmingaráætlanir stofnana eru komnar á réttan kjöl. Það sem eftir er snýr að eftirfylgni og að ljúka því sem þegar er hafið.

Staða vísanna

Vísir	Vægi	Sviðsmynd A	Fellur á	Eftirfylgni forsenduaðgerða
ÖR0 · Forsenduvísir	–	grænt	<i>Þak á lit hópsins</i>	
ÖR1 · Öruggar rýmingar	20%	95,62%		
ÖR2 · Vöktun hættusvæða	15%	97,5%		
ÖR3 · Upplýsingar og viðvaranir gesta	5%	90,62%		12 · Upplýsingaskilti, uppsetning og uppfærsla 20 · Upplýsingamiðlun til ferðamanna; upplýsingamiðstöðvar, tjaldsvæði
ÖR4 · Stuðningur við viðkvæma íbúa	7,5%	92,5%		
ÖR5 · Viðvaranir og skilningur	10%	87,5%		15 · Ritun rýmingarleiðbeininga og útburður
ÖR6 · Viðbragðsgeta neyðarþjónustu	10%	96,25%		
ÖR7 · Fjarskipti	5%	100%		
ÖR8 · Samgöngur	5%	85%		252 · Reglulegur snjómokstur flóttaleiða (núverandi) Vegagerðin
ÖR9 · Rýmingargeta skólastofnana	5%	87,5%		123 · Rýmingaráætlun kynnt starfsfólki, börnum og foreldrum
ÖR10 · Rýmingargeta í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi	5%	85%		151 · Rýmingaráætlanir þrumunnar og íþróttamiðstöðvar uppfærðar
ÖR11 · Rýmingargeta stofnana Grindavíkurbæjar	2,5%	85%		14 · Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar
ÖR12 · Upplýsingamiðlun og samskipti	10%	75%		76 · Áætlun um heildstætt áhættumat unnið með aðkomu heimamanna 307 · Kynning þrepaskiptingar rýmingar og enduropnunar 16 · Heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar
Samtals	100%			

Fellur á sýnir þær forsendur sem eru í vinnslu eða ekki hafnar og halda vísinum niðri, með hlaupanúmeri aðgerðar. Sé vísir forsenda annars vísis kemur hann fram með heiti sínu í stað aðgerðanúmers. Dálkurinn stendur auður þar sem allar forsendur standast og á aðeins við um sviðsmynd A. **Eftirfylgni forsenduaðgerða** sýnir þær forsendur sem eru í virkni en bera 0,75 og þarfnast eftirfylgni; þær fella ekki vísinn en þurfa að haldast í sjónmáli.

Vísarnir

ÖRO · Forsenduvísir · Vægi vísis 0%

Aðgerðir sem eru forsenda þess að öryggi sé í lagi

Forsenduvísirinn er án stiga með aðgerðum sem eru forsenda þess að öryggi sé í lagi. Tilgangur hans er ekki að skila vægi inn í heildarniðurstöðu heldur að setja þak á lit hennar. Falli einhver þessara aðgerða fellur vísirinn, það er hann tekur lit þeirrar aðgerðar, og sá litur verður jafnframt þak á niðurstöðu hópsins.

Um aðgerðir forsenduvísis gildir það sama og um aðrar forsenduaðgerðir; þær eru **grænar** ef staða þeirra er **1** eða **0,75** í eftirfylgni, enda sé eftirfylgni tímasett.

Með honum þarf hvorki að vensla aðgerðir innbyrðis né stilla upp reiknireglum til að tryggja að mikilvægustu aðgerðirnar vigti í matinu; þær standa sér og stýra lit beint.

Þessar aðgerðir skal einnig yfirfara þegar gert er mat í atburði samkvæmt þrepaskiptingu lögreglustjóra. Þær flokkast einnig undir „rauð flögg“.

Sviðsmynd A · **grænt**. Vísirinn ber engin stig. Hann tekur lit þeirrar aðgerðar sem lægst stendur, og sá litur verður þak á niðurstöðu hópsins.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
2	Samningur við slökkvilið Grindavíkur um aukin verkefni	Forsenda	0%	1	0
38	Vöktun lokana og hættusvæða, girðingar og skilti	Forsenda	0%	1	0
62	Vöktun sprungubelta, átta þversnið	Forsenda	0%	1	0
67	Bygging og viðhald varnargarða við Grindavík	Forsenda	0%	1	0
69	Greiðar flóttaleiðir	Forsenda	0%	1	0
70	Vöktun Veðurstofu Íslands	Forsenda	0%	1	0
72	Rýmingaráætlun viðbragðsaðila við rýmingu: SMS, flautur, gengið í hús	Forsenda	0%	1	0
Forsendur samtals			0%		0
Styrkingar samtals			0%		0
Niðurstaða			0%		0

Allar aðgerðir standast og vísirinn mælist því grænn. Hann setur ekki þak á niðurstöðu hópsins að svo stöddu.

Sviðsmynd B · mæling. Vísirinn er ekki metinn í sviðsmynd B. Aðgerðirnar skulu hins vegar yfirfarnar þegar mat er gert í atburði samkvæmt þrepaskiptingu lögreglustjóra.

ÖR1 · Öruggar rýmingar · Vægi vísis 20%

Viðbragðstími og öryggi við rýmingu

Rýming þarf að vera örugg og almenningur má ekki lenda í óþarfa hættu, hvorki af náttúruvá né af rýmingunni sjálfri. Flóttaleiðir þurfa að vera merktar og greiðfærar, og tíminn sem gefst frá viðvörðun þarf að duga til að komast á öruggan stað án þess að fólk sé sett í hættu á leiðinni.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **95,62% grænt**. Mælt er hvaða undirbúningur er til staðar sem gerir rýmingu örugga, meðal annars fjöldi greiðfærra flóttaleiða og staðfesting eftirlits með þeim. Grænt ef þrjár flóttaleiðir eru færar, gult ef tvær eru færar, rautt ef ein eða engin er fær.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
	ÖR3 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR4 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR6 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR7 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR8 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR9 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR10 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	ÖR11 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
26	UMS boð í farsíma við rýmingar	Forsenda	20%	1	20
70	Vöktun Veðurstofu Íslands	Forsenda	20%	1	20
67	Bygging og viðhald varnargarða við Grindavík	Forsenda	15%	1	15
69	Greiðar flóttaleiðir	Forsenda	15%	1	15
Forsendur samtals			70%		70
72	Rýmingaráætlun viðbragðsaðila við rýmingu: SMS, flautur, gengið í hús	Styrking	7,5%	1	7,5
252	Reglulegur snjómokstur flóttaleiða (núverandi) Vegagerðin	Styrking	7,5%	0,75	5,62
47	Eftirlit með flóttaleiðamerkingum	Styrking	5%	1	5
254	Samkomulag um snjómokstur flóttaleiðir GRV innanbæjar (götur)	Styrking	5%	1	5
7	Skýra framtíðarábyrgð, eignarhald og viðhald varnargarða	Styrking	5%	0,5	2,5
Styrkingar samtals			30%		25,62
Niðurstaða			100%		95,62

Forsendur standast allar. Vöktun Veðurstofu Íslands er forsenda, enda er hún upphaf keðjunnar og það sem býr til tímann til. UMS-boð í farsíma eru forsenda þar sem þau bera upplýsingar um rýminguna sjálfa sem gera hana öruggari; hljóðmerki gera það ekki og eru mæld í ÖR5 og ÖR3.

Vísirinn hvílir á átta öðrum vísum sem eru forsendur hans. Öruggrýming krefst þess að boðun berist til íbúa og gesta, að viðkvæm heimili fái stuðning, að viðbragð sé til staðar, að fjarskipti og samgöngur haldi, og að skólar, frístund, æskulýðs- og íþróttastarf og stofnanir bæjarins geti rýmt. Allir þeir vísar mælast grænir.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort boðun berist og leiðir séu færar þegar atburður verður. Mörk fyrir SMS-boð eru þau sömu og í ÖR5: grænt 97 prósent og yfir, gult 90 og allt að 97 prósentum, rautt undir 90 prósentum. Hljóðmerki eru ekki mæld hér, enda segja þau aðeins að

viðvörðun hafi verið gefin en ekki hvað gera skuli. Könnunum er vísað í framhaldsverkefni um heildstætt áhættumat.

Viðbragðsaðilar hafa mælt gegn því að rýming sé mæld í tíma, enda getur hraðinn sjálfur skapað meiri afleiðingar en atburðurinn sem rýmt er vegna. Rýming er því metin eftir á af viðbragðsaðilum, til dæmis á rýnifundi, þar sem lagt er mat á hvort vel gekk, hvað þarf að bæta og hvort grípa þurfi til aðgerða sem ekki eru fyrir hendi í dag. Mat þeirra segir til um hvort rýmingin taldist örugg. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR2 · Vöktun hættusvæða · Vægi vísis 15%

Öll hættusvæði eru skilgreind, merkt, afgirt og sæta reglulegu eftirliti skilgreinds ábyrgðaraðila

Íbúar og gestir fara aðeins inn á svæði sem eru skýrt leyfð, hættusvæði eru sýnilega afmörkuð og takmörkunum framfylgt með virkum hætti. Óásættanlegt er að hættusvæði séu opin, óháð því hvort atburður er í gangi.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **97,5% grænt**. Mælt er hvort hættusvæði séu afgirt, merkt og undir reglulegu eftirliti. Mælingin er tvígild: annaðhvort er ástandið í lagi eða frávik hefur komið fram. Grænt: engin frávik. Rautt: frávik hefur komið fram, hættusvæði opið eða eftirlit brugðist. Gula þrepið á ekki við, enda snýr vísirinn að öryggi og að því hvort aðgerðir skila árangri og öryggi tryggt.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
1	Viðgerðir á sprungum, merkingar og öryggisgirðingar hættusvæða í þéttbýli	Forsenda	20%	1	20
38	Vöktun lokana og hættusvæða, girðingar og skilti	Forsenda	20%	1	20
5	Jarðkönnun innan þéttbýlis, götur og íbúðasvæði	Forsenda	15%	1	15
62	Vöktun sprungubelta, átta þversnið	Forsenda	15%	1	15
Forsendur samtals			70%		70
3	Kortasjá, raunupplýsingar	Styrking	10%	1	10
4	Niðurrif ónýtra húsa í þéttbýli	Styrking	10%	1	10
6	Jarðkönnun utan þéttbýlis en innan varnargarða	Styrking	10%	0,75	7,5
Styrkingar samtals			30%		27,5
Niðurstaða			100%		97,5

Forsendur standast allar. Hættusvæði eru afmörkuð, merkt og undir reglulegu eftirliti, og sprungubelti eru vöktuð á átta þversniðum. Jarðkönnun utan þéttbýlis en innan varnargarða er sú eina sem þarfnast eftirfylgni og hefur ekki litaáhrif.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort ný hættusvæði sem myndast við atburð séu metin og lokuð áður en opnað er. Mælingin er tvígild eins og í sviðsmynd A: grænt ef svo er, rautt ef opnað er án þess að mat og lokun liggi fyrir.

Eftir sviðsmynd B gildir sviðsmynd A á ný, og undanfari endurkomu er skoðun og mæling sprungubelta, öryggisgirðingar og önnur afmörkun hættusvæða. Sprunguvöktunin gefur hlutlægan samanburð á því hvort aflögun hafi orðið innan þéttbýlis og styður ákvörðun um endurkomu.

ÖR3 · Upplýsingar og viðvaranir gesta · Vægi vísis 5%

Upplýsingar, skilningur og ábyrgð á viðvörðunum

Gestir og aðrir sem dvelja tímabundið í Grindavík þurfa að geta nálgast, skilið og brugðist við opinberum öryggisupplýsingum um hættur á svæðinu og rýmingar. Þessi hópur þekkir hvorki bæinn, flóttaleiðir né verklag og er háðastur skiltum og aðstoð á staðnum.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **90,62% grænt**. Mælt er hvort gestir viti hvar upplýsingar fást, skilji þær og viti hvað skal gera. Mörk mælingar eru sett við **grænt 80 prósent og yfir**, **gult 75 og allt að 80 prósentum**, **rautt undir 75 prósentum**. Lagt er til að mælingar með könnun verði gerðar síðar.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
26	UMS boð í farsíma við rýmingar	Forsenda	15%	1	15
35	Flautubúnaður Grindavík, búnaður, prófun og viðvörðun	Forsenda	15%	1	15
11	Merkingar flóttaleiða	Forsenda	10%	1	10
12	Upplýsingaskilti, uppsetning og uppfærsla	Forsenda	10%	0,75	7,5
20	Upplýsingamiðlun til ferðamanna; upplýsingamiðstöðvar, tjaldsvæði	Forsenda	10%	0,75	7,5
74	Rýmingaráætlanir gististaða og eftirlit með þeim	Forsenda	10%	1	10
Forsendur samtals			70%		65
18	Ein traust upplýsingaveita – fyrir Grindavík	Styrking	5%	0,5	2,5
24	Upplýsingamiðlun um atburð, ýmsir miðlar, fréttamiðlar, samfélagsmiðlar, Safe Travel	Styrking	5%	1	5
47	Eftirlit með flóttaleiðamerkingum	Styrking	5%	1	5
73	Sýnileiki viðbragðsaðila, eftirlitsferðir og heimsóknir	Styrking	5%	1	5
16	Heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar	Styrking	2,5%	0,75	1,88
22	Upplýsingamiðlun til Ferðamálastofu og Markaðsstofu	Styrking	2,5%	1	2,5
31	Áætlun um reglulega almenna kynningarfundir	Styrking	2,5%	0,5	1,25
48	SMS tilkynning og fréttatilkynning ef flautað er fyrir mistök	Styrking	2,5%	1	2,5
Styrkingar samtals			30%		25,62
Niðurstaða			100%		90,62

Forsendur standast allar. Upplýsingamiðlun til ferðamanna og upplýsingaskiltin eru í virkni en þarfnast eftirfylgni: skiltin bera áætlun um uppfærslu efnis sem er ólokið, og miðlun til ferðamanna nýttist betur ef hún yrði uppfærð. Þar sem hvort tveggja er í notkun og virkar eru þær metnar í 0,75. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort gestir viti hvað skal gera í rýmingu; hér er spurt um boðunina sjálfa á augnablikinu. Mörkin eru þrengri en í sviðsmynd A: **grænt 90 prósent og yfir**, **gult 85 og allt að 90 prósentum**, **rautt undir 85 prósentum**. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR4 · Stuðningur við viðkvæma íbúa · Vægi vísis 7,5%

Rýming og neyðarviðbrögð fyrir viðkvæm heimili

Viðkvæmir íbúar þurfa að vera greindir, þekktir þjónustugegar og fá stuðning að frumkvæði hennar fremur en eftir beiðni. Vísirinn nær bæði yfir daglega velferðar- og umönnunarþjónustu og yfir þann stuðning sem þarf til að viðkvæm heimili komist út innan þess viðvörunartíma sem gefst. Til viðkvæmra heimila teljast þau sem eru skráð hjá félagsþjónustu Grindavíkur með sérstakar stuðningsþarfir.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **92,5% grænt**. Mælt er hvort stuðningsfyrirkomulag hvers viðkvæms heimilis sé staðfest: er vitað hverjir þurfa aðstoð og hver veitir hana. Upplýsingar eru fengnar hjá félagsþjónustunni og viðbragðsaðilum. Mörk mælingar eru sett við **grænt 95 prósent og yfir**, **gult 90** og allt að **95 prósentum** þar sem staðfesting er í vinnslu, **rautt undir 90 prósentum**.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
ÖR5 í sviðsmynd A		Forsenda	–	grænt	–
53	Stuðningur við viðkvæm heimili, staðfestur	Forsenda	25%	1	25
34	Upplýsingar um viðkvæm heimili fyrir hendi	Forsenda	25%	1	25
50	Eftirfylgni með lögheimilisskráningu viðkvæmra íbúa	Forsenda	20%	1	20
Forsendur samtals			70%		70
65	Skilgreining lágmarksviðbragðs viðbragðsaðila	Styrking	10%	1	10
72	Rýmingaráætlun viðbragðsaðila við rýmingu: SMS, flautur, gengið í hús	Styrking	10%	1	10
77	Hvatning til íbúa að gera heimilisáætlun	Styrking	10%	0,25	2,5
Styrkingar samtals			30%		22,5
Niðurstaða			100%		92,5

Forsendur standast allar. Vitað er hverjir þurfa aðstoð, upplýsingar um viðkvæm heimili eru fyrir hendi og eftirfylgni með lögheimilisskráningu er virk. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hversu mörg viðkvæm heimili ná ekki að rýma innan viðvörunartíma: **grænt undir 5 prósentum**, **gult 5 til og með 10 prósentum** með skilgreindum tímasettum aðgerðum til úrbóta, **rautt yfir 10 prósentum**. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR5 · Viðvaranir og skilningur · Vægi vísis 10%

Útbreiðsla viðvarana, skilningur og opinber upplýsingamiðlun

Íbúar þurfa að fá viðvörun eftir traustum boðleiðum, skilja hvað hún þýðir og vita hvernig bregðast skal við, fyrir breytingar á eldvirkni, á meðan á rýmingu stendur og við endurkomu. Búseta getur ekki talist ásættanleg ef íbúar fá ekki, skilja ekki eða treysta ekki opinberum upplýsingum.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **87,5% grænt**. Mælt er hvort boðunarkerfið nái til heimilanna, hvort skilningur sé á tilmælum og hvort traust sé til opinberra upplýsinga. Mælikvarðinn er hlutfall þeirra heimila sem fá upplýsingar, skilja þær og vita hvar á að nálgast þær: **grænt 95 prósent og yfir**, **gult 85 og allt að 95 prósentum**, **rautt undir 85 prósentum**. Lagt er til að mælt verði með könnun meðal íbúa, þar sem einnig verði spurt hvort heyrist í flautum og hvernig rýmingarleiðbeiningar berast, og hvort fólk viti hvernig bregðast skuli við.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
26	UMS boð í farsíma við rýmingar	Forsenda	15%	1	15
35	Flautubúnaður Grindavík, búnaður, prófun og viðvörun	Forsenda	15%	1	15
72	Rýmingaráætlun viðbragðsaðila við rýmingu: SMS, flautur, gengið í hús	Forsenda	15%	1	15
15	Ritun rýmingarleiðbeininga og útburður	Forsenda	10%	0,75	7,5
32	Nýir íbúar, upplýsingar úr þjóðskrá	Forsenda	7,5%	1	7,5
49	Ný heimili fá upplýsingar bornar í hús	Forsenda	7,5%	1	7,5
Forsendur samtals			70%		67,5
18	Ein traust upplýsingaveita – fyrir Grindavík	Styrking	5%	0,5	2,5
25	Upplýsingamiðlun um æfingar og prófanir	Styrking	5%	1	5
128	Barnvænar rýmingarleiðbeiningar	Styrking	5%	0,5	2,5
12	Upplýsingaskilti, uppsetning og uppfærsla	Styrking	2,5%	0,75	1,88
14	Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar	Styrking	2,5%	0,75	1,88
16	Heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar	Styrking	2,5%	0,75	1,88
31	Áætlun um reglulega almenna kynningarfundi	Styrking	2,5%	0,5	1,25
48	SMS tilkynning og fréttatilkynning ef flautað er fyrir mistök	Styrking	2,5%	1	2,5
77	Hvatning til íbúa að gera heimilisáætlun	Styrking	2,5%	0,25	0,62
Styrkingar samtals			30%		20
Niðurstaða			100%		87,5

Forsendur standast allar. Ritun rýmingarleiðbeininga og útburður er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Boðun í rýmingu hvílir á þremur aðgerðum sem bera jafnt vægi og mynda eina heild: flautubúnaði, UMS-boðum í farsíma og rýmingaráætlun viðbragðsaðila. Hver þeirra hefur þekktar takmarkanir. Ekki heyrist alls staðar í Grindavík í flautunni, og tæknilega er ekki hægt að tryggja að UMS-boð berist til allra. Áætlun viðbragðsaðila felur meðal annars í sér að gengið er í hús sé grunur um að rýmingarboð hafi ekki borist. Saman loka aðgerðirnar þrjár boðuninni, og því eru þær metnar í fullri virkni þótt hvorug boðleiðin ein og sér nái til allra.

Það sem eftir stendur eru styrkingar í vinnslu, einkum upplýsingaskilti, heimasíða bæjarins og barnvænar rýmingarleiðbeiningar. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til við rýmingu og endurkomu. Mælt er hvort fólki berist

viðvörðun, hvort það viti hvert það á að leita og hvað það á að gera. Mörkin eru þrengri en í sviðsmynd A: grænt 97 prósent og yfir, gult 90 og allt að 97 prósentum, rautt undir 90 prósentum. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR6 · Viðbragðsgeta neyðarþjónustu · Vægi vísis 10%

Viðbragð viðbragðsaðila og fjöldi á staðnum

Neyðarþjónusta þarf að hafa þá samninga, mönnun og samhæfingu sem þarf til að styðja örugga rýmingu, búsetu og enduropnun, og er metin gegn skilgreindu lágmarksviðbragði fremur en fullmönnuðu viðbragði allra aðila. Fjöldi þeirra sem eru á staðnum er afleidd stærð af þeirri getu: lækki hún lækkar sá fjöldi sem óhætt er að hafa á svæðinu.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **96,25% grænt**. Mælt er hvort fjöldi gesta haldist innan þess sem viðbragðsaðilar ráða við. Mörk mælingar eru reynslugildi sem lögð eru fram eftir hvern viðburð. Lagt er til að safnað verði saman upplýsingum um fjölda og umfang viðbragðs síðustu viðburða, svo sem íþróttaleikja og Sjóarans síkátá.

Meðan þau reynslugildi verða til er stuðst við áhyggjumat viðbragðsaðila. Í reynd geta viðbragðsaðilar einir sagt til um hvort þeim finnist viðbragð og mönnun viðunandi, og það mat er mælikvarðinn, með sama hætti og í ÖR1 um öruggar rýmingar. Mat þeirra sjálfra á því hvort þeir ráði við fjöldann er áreiðanlegri vísbending en föst tala um fjölda gesta.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
2	Samningur við slökkvilið Grindavíkur um aukin verkefni	Forsenda	20%	1	20
65	Skilgreining lágmarksviðbragðs viðbragðsaðila	Forsenda	20%	1	20
57	Sjúkraflutningar frá Reykjanesbæ	Forsenda	15%	1	15
58	Löggæsla frá Reykjanesbæ	Forsenda	15%	1	15
Forsendur samtals			70%		70
66	Skriflegt mat á getu viðbragðsaðila vegna viðburða	Styrking	10%	1	10
51	Talning gesta, vikuleg sjónskoðun	Styrking	5%	1	5
60	Einmenningsviðbragð, fyrsta hjálp og greining	Styrking	5%	0,25	1,25
73	Sýnileiki viðbragðsaðila, eftirlitsferðir og heimsóknir	Styrking	5%	1	5
74	Rýmingaráætlanir gististaða og eftirlit með þeim	Styrking	5%	1	5
Styrkingar samtals			30%		26,25
Niðurstaða			100%		96,25

Forsendur standast allar. Lágmarksviðbragð viðbragðsaðila hefur verið skilgreint og er í fullri virkni. Einmenningsviðbragðið er hafið en skammt á veg komið; búnaður er fyrir hendi í Grindavík en ekki liggur nægilega skýrt hver eigi að manna. Ljúka þarf samráði við Sjúkratryggingar. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort viðbragðið ráði við að rýma þann fjölda sem er á staðnum þegar atburður verður. Mörk mælingar eru reynslugildi sem lögð eru fram eftir hvern atburð. Lagt er til að upplýsingar verði skráðar komi til rýmingar á meðan viðburður stendur yfir. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR7 · Fjarskipti · Vægi vísis 5%

Boðleiðir og fjarskiptasamband

Fjarskipti eru margtryggð: tvö ljósleiðarafyrirtæki, hvort um sig með tvær til þrjár tengileiðir inn í Grindavík, auk GSM-kerfis. Fjarskiptastöðvar hafa einnig varaafli til skamms tíma.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **100% grænt** . Mælt er hversu lengi rof varir. Mælikvarðinn er grænt: rof skemur en 12 klst við atburð , gult: 12 til og með 48 klst við atburð og ástandsskoðun virk , rautt: lengur en 48 klst eða fullt rof til lengri tíma . Rétt er að taka fram að uppitími fjarskipta er mun meiri en lágmarksviðmiðið segir til um.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
241	Viðbragðsgeta fjarskipta vegna rofs, mannaflí, búnaður og viðgerð	Forsenda	35%	1	35
242	Viðbragðsáætlanir fjarskiptafyrirtækja og Neyðarlínu, forgangur	Forsenda	15%	1	15
245	Fjarskiptastöðvar með varaafli til 1-2 klst	Forsenda	10%	1	10
246	Tvö fjarskiptafyrirtæki með fjarskiptatengingu til Grindavíkur	Forsenda	10%	1	10
Forsendur samtals			70%		70
243	Viðbragðsáætlun Grindavíkurbæjar og upplýsingagjöf við rof fjarskiptakerfa	Styrking	10%	1	10
244	Varaleiðir fyrir hendi (ljósleiðarar)	Styrking	10%	1	10
247	Áætlun um viðbótar varaafli fjarskiptasenda, Mílu og Neyðarlínunnar	Styrking	10%	1	10
Styrkingar samtals			30%		30
Niðurstaða			100%		100

Allar aðgerðir eru í fullri virkni. Sambærilegar aðgerðir eru forsendur í veituvísunum hjá húsnæðis- og búsetuhópi, en aðgerð 243 er styrking hér. Ástæðan er sú að fjarskiptin hvíla á fjarskiptafyrirtækjunum sjálfum og Neyðarlínunni, en ekki á veitu sem bærinn rekur. Upplýsingagjöf bæjarins bætir stöðuna en er ekki forsenda þess að fjarskipti haldist. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Á árunum 2021 til 2026 hefur orðið rof á ljósleiðara vegna tjóns af völdum hraunrennslis við Suðurstrandaveg og Fagradalsfjall. Tvö fjarskiptafyrirtæki halda uppi tveimur til þremur tengileiðum hvort, og varaafli fjarskiptastöðva ásamt áætlun um viðbótarljósavélar heldur sambandi meðan viðgerð stendur. Við bætast önnur fjarskiptakerfi, svo sem GSM, sem eru háð ljósleiðaratengingu en með þrítengingu er kerfið nokkuð vel varið. Mælt er hversu lengi rof varir við atburð, samkvæmt sama kvarða og í sviðsmynd A. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR8 · Samgöngur · Vægi vísis 5%

Flóttaleiðir og vegaaðgengi

Samgöngur snúa að daglegum ferðum íbúa og að flóttaleiðum innanbæjar. Vegagerðin ber ábyrgð á þjóðvegum utan og innan þéttbýlis, Grindavíkurbær ber ábyrgð á húsagötum og flóttaleiðum innanbæjar.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **85% grænt**. Mælt er hversu lengi lokun varir. Mælikvarðinn er grænt: lokun skemur en 12 klst við atburð, gult: 12 til og með 48 klst við atburð og ástandsskoðun virk, rautt: lengur en 48 klst eða full lokun til lengri tíma.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
69	Greiðar flóttaleiðir	Forsenda	25%	1	25
67	Bygging og viðhald varnargarða við Grindavík	Forsenda	15%	1	15
252	Reglulegur snjómokstur flóttaleiða (núverandi) Vegagerðin	Forsenda	15%	0,75	11,25
254	Samkomulag um snjómokstur flóttaleiðir GRV innanbæjar (götur)	Forsenda	15%	1	15
Forsendur samtals			70%		66,25
251	Vegagerðin: áætlun um aukna vetrarþjónustu	Styrking	7,5%	0,25	1,88
255	Tæki til snjóruðnings innanbæjar í Grindavík	Styrking	7,5%	0,25	1,88
256	Virk gatnalýsing innanbæjar	Styrking	5%	1	5
257	Áætlun um vegalagningu yfir nýtt hraun (reynsla fyrir hendi)	Styrking	5%	1	5
258	Efni til staðar til veglagningar yfir nýtt hraun	Styrking	5%	1	5
Styrkingar samtals			30%		18,75
Niðurstaða			100%		85

Forsendur standast allar. Greiðar flóttaleiðir liggja úr Grindavík, varnargarðar standa, og snjóruðningur er tryggður innanbæjar. Ruðningur þjóðvega er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Það sem eftir stendur eru tvær styrkingar sem eru rétt hafnar: áætlun Vegagerðarinnar um aukna vetrarþjónustu, sem bíður fjármögnunar sem liður 3a í MS6, og snjóruðningstæki innanbæjar. MS6 um stjórnslu og fjármögnun stendur utan hópa og án mælingar og fylgir sem sérstakt skjal. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Á árunum 2021 til 2026 hefur orðið rof á vegum vegna tjóns af völdum hraunrennslis, meðal annars á Grindavíkurvegi. Áætlun um vegalagningu yfir nýtt hraun liggur fyrir og reynsla er af henni, og efni er til staðar. Mælt er hversu lengi lokun varir við atburð, samkvæmt sama kvarða og í sviðsmynd A. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR9 · Rýmingargeta skólastofnana · Vægi vísis 5%

Rýmingaráætlanir leik- og grunnskóla

Leik- og grunnskóli þurfa að hafa virkar rýmingar- og viðbragðsáætlanir sem kynntar eru starfsfólki, börnum og foreldrum, og þær þarf að prófa og æfa reglulega svo þær virki þegar á reynir. Börn komast ekki sjálf úr hættu og rýming þeirra hvílir því á skipulagi stofnunarinnar.

Sviðsmynd A · óvissustig · 60/40 · **87,5% grænt**. Mælt er hvort rýmingaráætlanir séu til, kynntar og æfðar. Mælt er við prófun hversu langan tíma tilteknið þættir rýmingar taka. Gera þarf prófunaráætlun eða staðfesta að hún sé til.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
122	Rýmingaráætlun leik- og grunnskóla uppfærð	Forsenda	20%	1	20
123	Rýmingaráætlun kynnt starfsfólki, börnum og foreldrum	Forsenda	20%	0,75	15
124	Rýmingaráætlun prófuð og æfð	Forsenda	20%	1	20
Forsendur samtals			60%		55
125	Prófunaráætlun og æfingar vegna rýmingar við hljóðmerki	Styrking	10%	1	10
126	Mentor SMS nýtt til upplýsingagjafar um rýmingu	Styrking	10%	0,75	7,5
138	Yfirferð og uppfærsla rýmingaráætlana í kjölfar rýmingar	Styrking	10%	0,75	7,5
139	Tilkynningar til foreldra leikskólabarna, SMS í InfoMentor	Styrking	10%	0,75	7,5
Styrkingar samtals			40%		32,5
Niðurstaða			100%		87,5

Grænn: allar forsendur standast. Rýmingaráætlanir leik- og grunnskóla eru uppfærðar, prófaðar og æfðar. Kynning þeirra fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort rýming skólastofnana takist innan skilgreinds viðbragðstíma. Mælikvarðinn byggir á skilgreindum viðbragðstíma sem er í vinnslu. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR10 · Rýmingargeta í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi · Vægi vísis 5%

Rýmingaráætlanir þrumunnar og Íþróttamiðstöðvar

Þruman og Íþróttamiðstöðin þurfa að hafa virkar rýmingar- og viðbragðsáætlanir sem kynntar eru starfsfólki, börnum og foreldrum, og þær þarf að prófa og æfa reglulega svo þær virki þegar á reynir. Börn eru þar utan skólatíma og oft án foreldra sinna.

Sviðsmynd A · óvissustig · 60/40 · **85% grænt**. Mælt er hvort rýmingaráætlanir séu til, kynntar og æfðar. Mælt er við prófun hversu langan tíma tilteknir þættir rýmingar taka. Gera þarf prófunaráætlun eða staðfesta að hún sé til.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
151	Rýmingaráætlanir þrumunnar og Íþróttamiðstöðvar uppfærðar	Forsenda	20%	0,75	15
152	Rýmingaráætlanir kynntar starfsfólki, börnum og foreldrum	Forsenda	20%	1	20
153	Rýmingaráætlanir prófaðar og æfðar	Forsenda	20%	1	20
Forsendur samtals			60%		55
154	Prófunaráætlun og æfingar vegna rýmingar við hljóðmerki	Styrking	15%	0,75	11,25
155	Mentor SMS nýtt til upplýsingagjafar um rýmingu	Styrking	15%	0,75	11,25
156	Yfirferð og uppfærsla rýmingaráætlana í kjölfar rýmingar	Styrking	10%	0,75	7,5
Styrkingar samtals			40%		30
Niðurstaða			100%		85

Grænn: allar forsendur standast. Rýmingaráætlanir þrumunnar og Íþróttamiðstöðvar hafa verið kynntar starfsfólki, börnum og foreldrum, og þær eru prófaðar og æfðar. Uppfærsla áætlananna er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Vísirinn er forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort rýming Íþróttamiðstöðvar og þrumunnar takist innan skilgreinds viðbragðstíma. Mælikvarðinn byggir á skilgreindum viðbragðstíma sem er í vinnslu. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR11 · Rýmingargeta stofnana Grindavíkurbæjar · Vægi vísis 2,5%

Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar sem eru í virkni

Stofnanir Grindavíkurbæjar sem eru í virkni þurfa að hafa virkar rýmingaráætlanir sem kynntar eru starfsfólki og gestum, og þær þarf að prófa og æfa reglulega svo þær virki þegar á reynir. Undir vísinn falla bæjarskrifstofur, Hafnarhús, Kvikan, bókasafn og þjónustumiðstöð, ásamt áætlunum sem birtar eru á heimasíðu bæjarins.

Sviðsmynd A · óvissustig · 60/40 · **85% grænt** . Mælt er hvort rýmingaráætlanir stofnana sem eru í virkni séu uppfærðar, kynntar og æfðar.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
14	Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar	Forsenda	20%	0,75	15
143	Rýmingaráætlanir stofnana kynntar starfsfólki	Forsenda	20%	1	20
144	Rýmingaráætlanir stofnana prófaðar og æfðar	Forsenda	20%	1	20
Forsendur samtals			60%		55
141	Prófunaráætlun og æfingar vegna rýmingar við hljóðmerki	Styrking	20%	0,75	15
142	Yfirferð og uppfærsla rýmingaráætlana í kjölfar rýmingar	Styrking	20%	0,75	15
Styrkingar samtals			40%		30
Niðurstaða			100%		85

Grænn: allar forsendur standast. Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar hafa verið kynntar starfsfólki, og þær eru prófaðar og æfðar. Uppfærsla áætlanna er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Aðgerðirnar eru sameinaðar fyrir allar stofnanir bæjarins aðrar en skóla- og íþróttastofnanir, sem eru mældar í ÖR9 og ÖR10. Vísirinn er nýr og er jafnframt forsenda ÖR1.

Sviðsmynd B · mæling. Allar aðgerðir liggja í sviðsmynd A og engin bætist við í B. Undirbúningurinn í A er því forsenda þess að vel takist til. Mælt er hvort rýming stofnana Grindavíkurbæjar takist innan skilgreinds viðbragðstíma. Mælikvarðinn byggir á skilgreindum viðbragðstíma sem er í vinnslu. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

ÖR12 · Upplýsingamiðlun og samskipti · Vægi vísis 10%

Gagnsæi, fyrirsjáanleiki og miðlun ákvarðana

Skýr, gagnsæ og fyrirsjáanleg upplýsingamiðlun og samskipti eru grundvallaratriði til að byggja upp traust til ákvarðana er varða meðal annars rýmingar, endurkomu og búsetu, og tengjast almennu trausti til ákvarðana yfirvalda. Sé grunntraust ekki fyrir hendi er hætt á að fólk fari ekki eftir öryggistilmælum. Íbúar og fyrirtæki þurfa að hafa vissu fyrir því að ákvarðanir sem varða meðal annars rýmingar, endurkomu, búsetu og rekstur séu gagnsæjar, fyrirsjáanlegar, framkvæmdar með samræmdum hætti og þeim miðlað skýrt. Traust er afleiðing, ekki forsenda.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **75% grænt** . Mælt er hvort ákvarðanir séu gagnsæjar og fyrirsjáanlegar og hvort þeim sé miðlað skýrt. Auk virkni aðgerða getur mat á virkni vísisins byggt á reglulegum könnunum meðal íbúa.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
76	Áætlun um heildstætt áhættumat unnið með aðkomu heimamanna	Forsenda	20%	0,75	15
315	Ákvarðanatöku og rýmingarferli lögreglustjóra Suðurnesja	Forsenda	15%	1	15
317	Yfirlýsing almannavarnastiga	Forsenda	15%	1	15
307	Kynning þrepaskiptingar rýmingar og enduropnunar	Forsenda	10%	0,75	7,5
16	Heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar	Forsenda	5%	0,75	3,75
24	Upplýsingamiðlun um atburð, ýmsir miðlar, fréttamiðlar, samfélagsmiðlar, Safe Travel	Forsenda	5%	1	5
Forsendur samtals			70%		61,25
18	Ein traust upplýsingaveita – fyrir Grindavík	Styrking	5%	0,5	2,5
31	Áætlun um reglulega almenna kynningarfundir	Styrking	5%	0,5	2,5
75	Brýn verkefni unnin með aðkomu heimamanna	Styrking	5%	1	5
78	Áætlun um reglulegar kannanir um upplifun íbúa; líðan, öryggi, þjónusta	Styrking	5%	0	0
79	Birta og kynna upplýsingar um búsetuúrræði	Styrking	5%	0,25	1,25
56	Kynning á niðurstöðum brýnna áhættumiðaðra verkefna	Styrking	2,5%	0,5	1,25
316	Yfirferð og endurmat þrepaskiptingar við rýmingu og endurkomu	Styrking	2,5%	0,5	1,25
Styrkingar samtals			30%		13,75
Niðurstaða			100%		75

Fyrirvari: talan mælir stöðu aðgerða en ekki traust. Engin aðgerð mælir traust í dag. Traust felur í sér hæfni, áreiðanleika, hreinskilni, sanngirni og umhyggju, og núverandi aðgerðir ná einkum yfir þrjá fyrstu þættina. Sanngirni og umhyggja ráðast fremur af því hvort íbúar hafi rödd í ákvörðunum sem varða þá, og þar er breytt aðferðafræði áhættumatsins og reglulegar kannanir meðal íbúa það sem á að skila mælingu.

Þrjár forsendur eru í virkni en þarfnast eftirfylgni: heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar, áætlun um heildstætt áhættumat unnið með aðkomu heimamanna, og kynning þrepaskiptingar rýmingar og enduropnunar.

Sviðsmynd B · mæling. Traust getur haft áhrif á rýmingu og endurkomu, sem og á fylgni íbúa við rýmingarleiðbeiningar og þrepaskiptingu rýmingar- og endurkomuákvarðana. Sviðsmynd B er því mæld með reglulegum könnunum, bæði fyrir og eftir rýmingu og endurkomu, fremur en metin út frá aðgerðum. Við endurkomu skráist endurmat sviðsmyndar A.

19.9.2026

Sigurður Rúnar Karlsson, eigna- og veitustjóri, Grindavíkurbær
Dóra Hjálmarsdóttir, Verkís